

## REGLUGERÐ

### um innflutning á geislatakjum, er framleiða útfjólubláa geisla.

#### 1. gr.

Innflutningur á geislatakjum er framleiða útfjólubláa geisla (solarium) er háður leyfi ráðuneytisins.

Innflytjendur skulu senda umsóknir til Geislavarna ríkisins og skal í umsókn greina frá framleiðanda, tegund tækis og lampa, magni UV-A, UV-B og UV-C geisla svo og bylgju-dreifingu. Sé um að ræða sólarlampa, þá skal einnig greint frá magni „líffræðilegar virkrar“ UV-B og UV-C geislunar. Upplýsingar um magn geislunar og dreifingu skulu staðfestar af stofnun viðurkenndri af Geislavörnum ríkisins ella getur stofnunin látið framkvæma mælingar þar að lútandi á kostnað umsækjanda.

Geislavarnir ríkisins geta krafist frekari upplýsinga telji þær þörf á slíku.

#### 2. gr.

Leyfi skulu gefin út fyrir hverja tegund tækis að undangenginni skoðun Geislavarna ríkisins og er leyfisveiting háð því skilyrði að reglur Geislavarna ríkisins um notkun slíkra tækja séu uppfylltar. Gildir leyfi fyrir innflutning á ótilteknum fjölda tækja. Skila skal árlega skýrslum til Geislavarna ríkisins varðandi innflutninginn.

Geislavarnir ríkisins geta lagt til að leyfi verði fellt niður eða endurskoðað standi leyfis-hafar ekki skil á innflutningsskýrslum eða komi fram nýjar upplýsingar um skaðsemi útfjólublárrar geislunar.

#### 3. gr.

Eftirlit með tækjum samkvæmt reglugerð þessari er í höndum Geislavarna ríkisins. Skoðunargjald að upphæð kr. 1 000,00 skal fylgja með umsókn.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breytingu á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatakjum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júlí 1982.*

**Svarar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar skv. 14. gr., skulu hækka um 4,0% frá og með 1. júlí 1982 frá því sem þær voru í júní 1982.

#### 2. gr.

Tekjutrygging skv. 19. gr. skal frá sama tíma hækka um 8,8%.